

2.bekkur íslenska kennsluáætlun 2019-2020 fyrir áramót

Kennarar: Elín Björg Jónsdóttir; Inga Bryndís Ingvarsdóttir

2

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

- Að geta tjáð sig á skýran hátt.
- Að geta hlustað og horft með athygli á flutt efni.
- Að ná góðum tókum á lestri og læsitengdri vinnu.
- Að kynnast fjölbreyttum bókmenntum.
- Að geta aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum.
- Að geta tjáð sig í rituðu máli.
- Að vinna með tungumálið, orðaforða og greiningar.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Byrjendalæsisbækur
- Orðasúpur, spil og verkefni tengd bók vikunnar
- Sögubókin mín
- Skrifarbækur - forskrift
- Lestrarbækur við hæfi hvers og eins
- Lestrarlandið-ritrún
- Stílabækur - ritun

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Lestur
- Ritun
- Umræður
- Hlustun
- Tjáning
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Námsbækur
- Skrift

- Hugtakavinna
- Spil og leikir Grunnskóli Fjallabyggðar 2018-2019
- Þemaverkefni

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

- Lesferill
- Kennaramat
- Sjálfsmat

GF íslenska 2.bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

GF íslenska 2.bekkur - Lestur og bókmenntir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum.

GF íslenska 2.bekkur - Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.

- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.

GF íslenska 2.bekkur - Málfræði

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.
- Gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.